

Ársskýrsla Grænvangs



Mars 2022

Inngangur

Grænvangur hefur verið starfræktur í rúm tvö ár. Að baki vettvangsins standa fjölbreyttir aðilar úr íslenskri stjórnsýslu og atvinnulífi. Sex ný fyrirtæki bættust í hópinn á árinu 2021, þau eru Kvika, Íslandsbanki, Icelandair, Brim, KPMG og Hagar. Auk þess bættust Carbon Recycling International við í upphafi árs 2022.

Stjórnarformaður Grænvangs er Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka Iðnaðarins. Á stjórnarfundi í nóvember 2021 var tekin ákvörðun um að hverfa frá því fyrirkomulagi að hafa bæði framkvæmdastjórn og stjórn. Þess í stað er einungis stjórn starfrækt.

Breytingar urðu á stjórnarskipan á árinu en Borgar Þór Einarsson, Árni Bragason, Guðni A. Jóhannesson og Hörður Arnarson létu af stjórnarstörfum. Í stað þeirra komu Þórlindur Kjartansson, Halla Sigrún Sigurðardóttir, Halla Hrund Logadóttir og Ríkarður Ríkarðsson. Aðrir stjórnarmenn eru áfram Henný Hinz, Guðmundur Þorbjörnsson, Halldór Þorgeirsson, Hólmfríður Sigurðardóttir og Sólveig Bergmann.

Breytingar urðu á starfsmannahaldi í nóvember 2021 þegar Eggert Benedikt Guðmundsson lét af störfum sem forstöðumaður Grænvangs. Birta Kristín Helgadóttir tók við sem starfandi forstöðumaður. Kamma Thordarson sinnir áfram almannatengslum og markaðsmálum sem hluti af sjálfbærniteymi Íslandsstofu.

Stjórnin fundaði fjórum sinnum á árinu 2021 og framkvæmdastjórn jafn oft. Líkt og áður kom fram starfar nú ein stjórn og fundar hún mánaðarlega eða oftár eftir þörfum. Að meðtöldum ársfundi í mars voru fundir stjórnar árið 2021 samtals 9.

Grænvangur er hýstur hjá Íslandsstofu og vinnur í náinni samvinnu við hana skv. Þjónustusamningi. Árið 2021 var viðburðarríkt hjá Íslandsstofu og Grænvangi varðandi húsnæðismál en flutningar í ný húsakynni fóru fram í nóvember 2021. Flutt var á fjórðu hæð í Grósku og samhliða þessum flutningum var glæsileg sýning, Græn framtíð, standsett og formlega opnuð. Nánar um það síðar. Í þessari skýrslu er fjallað um starf liðins árs og stiklað á stóru hvað varðar árangur og það sem framundan er.

Grænvangur

Grænvangur, samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda um loftslagsmál og grænar lausnir, stóð fyrir nokkrum viðburðum á liðnu ári m.a. [Loftslagsmóti](#) í samstarfi við Festu, Rannís/EEN og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Þar hittust fyrirtæki sem buðu upp á grænar lausnir og mögulegir notendur þeirra á 15 mínútna fundum að eigin vali.

Grænvangur tók að sé árið 2020 að annast aðgerð nr.8: Ábyrg notkun plasts í atvinnulífinu, sem er sem er hluti af „Úr viðjum plastsins - Aðgerðaáætlun í plastmálefnum“ sem UAR gaf út í september 2020. Framkvæmd aðgerðarinnar fór fram árið 2021 og ber þar hæst að nefna viðburðinn [„Plastið í atvinnulífinu“](#) sem var haldinn með rafrænum hætti. Auk þess var vinnustofa um ábyrga plastnotkun haldin í samstarfi við Umhverfisstofnun með fulltrúum víða úr atvinnulífinu og vinnur Umhverfisstofnun nú að útgáfu leiðbeininga fyrir fyrirtæki til að styðjast við í þessu samhengi.

Grænvangur, í samstarfi við Festu og Norræna húsið, stóð fyrir fundi um [hringrásarhagkerfið og hlutverk okkar í að minnka sóun](#) með fulltrúum fyrirtækja sem eiga það öll sameiginlegt að standa framarlega og vera til fyrirmyndar þegar kemur að þessum málum.

Þá gaf Grænvangur út [Loftslagsvegvísi atvinnulífsins](#) í fyrsta sinn í samstarfi við Bændasamtök Íslands, Samorku, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök iðnaðarins, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtök verslunar og þjónustu. Vegvísirinn var gerður að frumkvæði atvinnulífsins sem sýnir mikinn vilja og áhuga þeirra fjölmörgu samtaka sem standa að honum til að láta að sér kveða á sviði loftslagsmála. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra var viðstödd þegar vegvísirinn var kynntur og sagði „Útgáfan nú er fyrsta skrefið sameiginlegri vegferð atvinnulífsins í loftslagsmálum sem getur stutt vel við aðgerðaráætlun stjórnvalda. Mikilvægt er að við byggjum á þessari góðu vinnu og höldum áfram í næsta áfanga.“



Í aðdraganda Loftslagsráðstefnu Sameinuðu Þjóðanna í Glasgow 2021 bauð Breska sendiráðið á Íslandi í samstarfi við Bresk íslenska viðskiptaráðið, Reykjavíkurborg, Grænvang, Samtök iðnaðarins og Festu – miðstöð um sjálfbærni til viðburðarins: [Kapphlaup að kolefnishlutleysi.](#)



Boðið var upp á ólík erindi sem snúa að því hvernig fyrirtæki geta auðveldlega unnið að því að ná fram kolefnishlutleysi í rekstri. Viðburðurinn var hluti af fundaröð sem miðar að því að tryggja að fyrirtæki getið verið með puttann á púlsinum í gegnum hnitmiðaða og praktíska upplýsingamiðlun tengda Loftslagsráðstefnu Sameinuðu Þjóðanna sem fram fór í Glasgow 1-12 nóvember.

Loftslagsvegvisir atvinnulífsins

Sex atvinnugreinafélög

+15 heimsóknir í Græna framtíð

Sýning um loftslagsmarkmið og grænar lausnir

5 viðburðir

Loftslagsmót, o.fl.

42 bakhjarlar

6 nýir

79 umfjallanir

í íslenskum miðlum

+1,100 fylgjendur

á samfélagsmiðlum

Lykilárangurstölur Grænvangs 2021

Green by Iceland

Green by Iceland markaðsverkefnið fór einstaklega vel af stað en meginmarkmið þess er að Ísland verði þekkt fyrir grænar lausnir og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Þessum boðskap var vel tekið enda eru loftslagsmálin á allra vörum og tíminn til aðgerða er núna.



[Green by Iceland](#) teymið sótti 10 viðburði á árinu. Má þar á meðal nefna tvær ráðstefnur með íslenskum bás í raunheimum á árinu: Stærsta jarðvarmaviðburð ársins, **WGC2020+1** í Reykjavík og SIF21, **Sustainable Innovation Forum**, hliðarviðburð á COP26 loftslagsráðstefnunni í Glasgow. Þá skipulagði Green by Iceland einnig viðburði í Norræna skálanum á loftslagsráðstefnunni í Glasgow í samstarfi við íslensk fyrirtæki, og norræna aðila.



Auk þess tók Green by Iceland þátt í 2 vefviðburðum með sendiráðum Íslands þar sem íslenskar grænar lausnir voru kynntar, bæði gagnvart Tékklandi og í samstarfi við EFTA í Brussels. Þrjár viðskiptasendinefndir fóru einnig út í lok árs í samstarfi við sendiráð, til Kaupmannahafnar, Oslóar og Lundúna þar sem íslensk fyrirtæki á sviði orku og grænna lausna kynntu sig, kynntust mögulegum samstarfsaðilum, fjárfestum og fjölmiðlum.

Green by Iceland skapaði fimm kynningarmyndbönd á árinu auk efnis fyrir ráðstefnur. Alls hafa myndbönd Green by Iceland fengið 118,000 áhorf á árinu. Má þar á meðal nefna almennt kynningarmyndband Green by Iceland, og sérstök myndbönd um jarðvarmaþekkingu Íslendinga, tækifæri tengd fjölnýtingu jarðvarma, vatnsaflsþekkingu Íslendinga og nýjungar í kolefnisbindingu, nýtingu og förgun sem hafa fengið verðskuldaða athygli á árinu. Allt efnið er aðgengilegt á [YouTube síðu Green by Iceland](#).

Auk þess tók Green by Iceland þátt í að kynna Ísland sem erindreka nýtingar endurnýjanlegrar orku og jafnréttis á heimsvísu eða **Global Champion** í samstarfi við

Útanríkisráðuneytið. Þá varð Green by Iceland virkt á [LinkedIn](#) og [Facebook](#) en fylgjendur Green by Iceland á samfélagsmiðlum voru 3,500 í lok árs.

Sérlega góður árangur náðist í almannatengslum sem miðuðu að því að kynna Ísland sem leiðandi land á sviði sjálfbærni á árinu en **1,097 umfjallanir** hafa birst í erlendum miðlum vegna tenginga við fjölmiðla, þar af 41 í tier one miðlum. Mikill áhugi var á nýsköpun í tengslum við loftslagsmál. Má þá sérstaklega nefna stórar fréttir frá Carbfix, bæði Orcu, nýrri loftslagstækni sem Carbfix og Climeworks settu á laggirnar sem og Coda Terminal. Sú grein sem fékk flestar birtingar á árinu var [Hot Ideas from a Cold Country: Icelandic Companies Offer Green Energy Solutions](#). Einnig var blaðamannaferð til Íslands í lok árs sérlega vel heppnuð. Markaðsstarf Green by Iceland náði 839,400,000 snertingum á markhópi með blöndu af fréttáflutningi og myndböndum á árinu.

1,097 umfjallanir í erlendum miðlum, 41 tier one	10 viðburðir COP26, WGC, o.fl.	3,500 fylgjendur Samfélagsmiðlar og fréttabréf
+839,400,000 snertingar á markhópi	+118,000 áhorf á kynningarmyndbönd	+6,500 viðbrögð á samfélagsmiðlum

Lykilárangurstölur Green by Iceland 2021

Græn framtíð

Sýningin Græn framtíð opnaði í október 2021, en hún er staðsett á fjórðu hæð í Grósku, innan veggja nýrrar skrifstofu Íslandsstofu og Grænvangs. Fyrstu formlegu gestir sýningarinnar voru Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Frederik A.H. Christian krónprins Dana, Jeppe Kofoed, utanríkisráðherra Danmerkur og Guðlaugur Þór Þórðarson, þáverandi utanríkisráðherra Íslands. Mikill áhugi hefur verið á sýningunni og hefur hún hlotið gríðarlega jákvæðar viðtökur frá gestum. 15 hópar heimsóttu sýninguna fyrir lok árs 2021 og má þar nefna ráðherra, sendiherra, erlend og innlend fyrirtæki, skólahópa, fjárfesta o.fl.



Sýningin varpar ljósi á árangur og sögu Íslands við nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, segir frá markmiðum Íslands í loftslagsmálum, og dregur fram þær fjölmörgu lausnir sem íslenskir frumkvöðlar hafa fram að færa erlendis. Við mótun sýningarinnar naut Grænvangur meðal annars liðsinnis sagnfræðingsins Stefáns Pálssonar og jarðfræðingsins Sævars Helga Bragasonar. Gagarín sá um hönnun og gerð sýningaratriða. Sýningin er starfrækt af Grænvangi og Íslandsstofu í sameiningu.

Rekstur

Rekstur Grænvangs er fjármagnaður með framlögum stofnaðila. Í upphafi var reksturinn fjármagnaður til þriggja ára, þ.e. 2019-2021. Nýr samningur var undirritaður af stofnaðilum haustið 2021 og var hann gerður til fimm ára, þ.e. 2021-2026. Auk þess bættust 6 nýjir aðilar við, þ.e. Hagar, Icelandair, Kvika, KPMG, BRIM og Íslandsbanki. Þá slóst Carbon Recycling international í hópinn í upphafi árs 2022.

Grænvangur er ekki rekinn á sér kennitölu heldur undir kennitölu Íslandsstofu og gerir Grænvangur sérstakan þjónustusamning við Íslandsstofu sem felur í sér fast gjald per starfsmann á mánuði. Innifalið í veittri þjónustu er öll umsýsla fjármuna og eigna, sem og skrifstofuaðstaða. Að auki greiðir Grænvangur Íslandsstofu kostnað við laun og launatengd gjöld starfsmanna ásamt útlögðum kostnaði við kaup á vörum og þjónustu. Í anda fullkomins gegnsæis er Grænvangur þó gerður sérstaklega upp og ársreikningur kynntur.

	Skýringar	2021	2020
Framlög	10	94.083	93.000
Auka framlög		10.000	10.000
Aðrar tekjur		6.000	1.390
Rekstrartekjur		110.083	104.390
Laun og launatengd gjöld	11	(47.731)	(46.508)
Annar rekstrarkostnaður	12	(109.679)	(33.654)
Afskriftir	15	(2.883)	0
Rekstrarkostnaður		(160.293)	(80.162)
Hrein (rekstrargjöld) rekstrartekjur		(50.210)	24.228
Fjármunatekjur	13	77	151
Fjármagnsgjöld	14	(54)	(75)
Hreinar fjármunatekjur		23	75
(Rekstrarhalli) rekstrarafgangur ársins		(50.186)	24.303

Rekstrarreikningur Grænvangs. Ársreikningur má finna í heild sinni í viðauka.

Framtíðin er björt

Hlutverk Grænvangs er fyrst og fremst að hvetja til samstarfs milli atvinnulífs og stjórnvalda við að draga úr losun og styðja við sameiginleg loftslagsmarkmið. Grænvangur styður við loftslagsvegferð atvinnulífsins og hvetur fyrirtæki til þátttöku í umbótaverkefnum og loftslagsvegferð í átt að grænni framtíð fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélag

Grænvangur sinnir einnig mikilvægi starfi undir formerkjum Green by Iceland við að kynna íslenska orkuþekkingu og grænar lausnir erlendis og hefur náð markverðum árangri undanfarið ár.

Að baki er viðburðarríkt og skemmtilegt ár en framundan eru enn bjartari tímar. Ársfundur Grænvangs, **Samstíga á árangursríkri loftslagsvegferð – Þáttur atvinnulífsins í orkuskiptum Íslands, fer fram í byrjun apríl**. Loftslagsmót verður haldið í þriðja sinn í maí næstkomandi í góðu samstarfi við Festu, Rannís og Umhverfis, orku og loftslagsráðuneytið. Undirbúningur næstu útgáfu Loftslagsvegvisis er hafinn en til stendur að gefa hann út í uppfærðri útgáfu árið 2023. Grænvangur mun leggja aukna áherslu á að styðja við loftslagsvegferð atvinnulífsins með fræðslu og málefnalegri umræðu.

Það er einnig margt á döfinni hjá Green by Iceland og má þar nefna viðskiptasendinefndir til London, Finnlands, Bandaríkjanna, þátttöku á ráðstefnum víða um heim, markvissa umfjöllun um íslenskar grænar lausnir í erlendum miðlum og fleira.

Við höldum bjartsýn áfram á loftslagsvegferðinni og hlökkum til að taka þátt í að móta græna framtíð.